

málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Kristinn Sigurðsson, á að vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu, en greiði allan af málinu gegn honum í hjeraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun í hjeraði 4 kr. og málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálfærslumanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júlímánaðar.

Nr. 23/1895:

Rjettvísinn  
gegn  
Jóni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta, sem höfðað er í hjeraði af hálfu rjettvísinnar gegn hinum ákærða Jóni Jónssyni fyrir árás og áverka á hendur húsbónda hans, Jóhanni bónda Guðmundssyni, var dæmt í aukarjetti Barðastrandarsýslu 24. október 1894 með þeim

úrslitum, að hinn ákærði var sýknaður af ákæru rjettvísinnar í því máli, og skyldi greiða allan málskostnað af almannaþje.

Þessum dómi hefur hlutadeigandi amtmaður áfrýjað til landsýfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærða Jóns Jónssonar og öðrum skýrslum í málinu sannað, að hann, er hann að kveldi dags 25. okt. 1892 varð húsbónda sínum, Jóhanni Guðmundssyni, samferða frá heimili þeirra, Dynjanda, niður að sjó til þess að setja upp bát, og þeim á leiðinni hafði orðið tilrætt um eitthvað, er þeim hafði farið á milli í efnalegu tilliti, rjeð á Jóhann og keyrði hann, þar sem hann sat á hástokk bátsins, er þeir voru komnir til að setja, aptur á bak, og hjelt honum niðri allt að  $\frac{1}{4}$  stundar með því að þrýsta hendinni fast á brjóst Jóhanni; Jóhann lá með mjóhrygginn á hástokknum, efri part líkamans í bátnum, en fæturnir hjengu niður fyrir utan borðstokkinn. Í bátnum var allmikið af mó, bæði í barkanum og skutnum og nokkuð í austurrúminu. Að því Jóhann hefur borið, lá hann, eptir að ákærði keyrði hann aptur á bak, fyrir aptan fram eða hálsþóptuna, en þar var enginn mór; en ákærði hefur haldið því fram, að Jóhann hafi legið með efri part líkamans annaðhvort á hálsþóptunni eða á mónum í barkanum. Þegar ákærði hafði haldið Jóhanni þannig um  $\frac{1}{4}$  stundar, sleppti hann honum, en er Jóhann var risinn á fætur, hratt ákærði honum, svo að hann fjell á síðuna á malarkampinn, og blæddi eptir það úr kinn Jóhanns. Jóhann

hjelt síðan heim að bæ, og kveðst hann þá þegar hafa fundið til verkjar í hjartagrófinni, þar sem ákærði hafði þrýst hendi sinni, og hægri síðu; hjelt Jóhann samt aptur niður að sjó til að skorda bátinn; kom hann einni skordu undir hann og fór svo heim og kenndi þá ákafs verkjar í hjartagrófinni og lá með kvölum í rúminu á þriðja dag. Hinn 24. nóv. 1892 skoðaði Oddur aukalæknir Jónsson hann og vottaði, að hann væri bringuteinsbrotinn og skemmdur fyrir brjósti, og töluvert marinn á bakinu nedan til. Segir lækningin, að þetta stafi af áverka, er honum var veittur aðfaranótt hins 25. okt. 1892. Með því þetta vottorð Odds læknis — auk þess að herma skakkt frá deginum, er ákærði rjeð á Jóhann — telur það, sem á Jóhanni sá, vera afleiðing af árás ákærða á hann mánuði fyrr, sem hann auðsjáanlega að eins gat haft eptir Jóhanni sjálfum, þá verður það ekki tekið til greina, nema að svo miklu leyti sem það lýsir ástandi Jóhanns 24. nóv. 1892.

Mál þetta var fyrst kært fyrir sýslumanni 23. janúar 1893, og það var ekki fyrr en 24. ágúst sama ár, að sýslumaðurinn bað Sigurð aukalækni Magnússon að skoða Jóhann og láta í ljósi álit sitt um heilsuástand hans, hvort hann væri bilaður, og ef svo væri, af hverju það stafaði, og er álit læknisins dagsett 26. ágúst 1893. Segir lækningin, að Jóhann sje talsvert þjáður af langvinnri magaveiki, en virðist að öðru leyti ekki vera neitt bilaður, en sennilegt telur hann, að áverki sá, er

Jóhann varð fyrir í október 1892, hafi haft ill áhrif á hann.

Eins og áður er sagt, er það sannað í málinu, að ákærði hinn 25. okt. 1892 hefur haft líkamlegt ofbeldi í frammi við Jóhann Guðmundsson, og má einnig álíta það nægilega sannað, að verkur sá, sem Jóhann þjáðist af dagana eptir að ákærði rjeð á hann, hefur stafað af meðferð ákærða á honum að minnsta kosti í sambandi við hið bága heilsufar hans; þá verður einnig að skoða það sem nægilega sannað, að hinn blóðugi áverki á kinn Jóhanns hafi stafað af meðferð ákærða á honum.

Þetta atferli ákærða á því undir 205. gr. almennra hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann, er kominn er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur sætt hegningu fyrir neitt afbrot, samkvæmt þessari lagagrein hefur til unnið, hæfilega ákveðin 20 kr. sekt til landssjóðs, með því ofbeldisverkið ekki var framið af fyrirhuguðu ráði, eða 5 daga einfalt fangelsi, sje sektin ekki greidd í ákveðinn tíma. Svo ber ákærða og að greiða allan kostnað af málinu bæði í hjerði og fyrir landsyfirdómi, þar á meðal málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. En skaðabætur fyrir heilsutjón og endurgjald á utgjöldum til læknis verður Jóhanni Guðmundssyni ekki dæmt í þessu máli, með því allar nauðsynlegar skýrslur í þessu tilliti, eptir hverjum ákveða mætti upphæðina, vanta.

Á prófum málsins í hjerði, sem settur sýslumaður í Ísafjardarsýslu, Lárus Bjarnason, hjelt,

hefur staðið mjög lengi, en hann virðist nokkurn veginn hafa rjettlætt þenna drátt á málinu, og verður því eigi sektaður fyrir. Að öðru leyti hefur meðferð málsins í hjeraði verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði, Jón Jónsson, á að greiða 20 kr. sekt til landsjóðs, eða sæta 5 daga einföldu fangelsi, sje sektin ekki greidd í ákveðinn tíma. Svo ber honum og að greiða allan málskostnað bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málafræslumanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans, ella sæti ákærði aðför að lögum.

Mánudaginn 29. júlímánaðar.

Nr. 8/1895:

O. J. Haldorsen

gegn

Eyjólfi Símonarsyni.

D ó m u r:

Mál þetta er svo til komið, að 11. apríl f. á. komu þeir áfrýjandinn Ole Haldorsen og bróðir hans Martín Haldorsen að Skildinganeskoti, heimili